



# SKÍÐASVÆÐIN Í BORGinni:

Ártúnsbrekka, Breiðholtsbrekka og Grafarvogsbrekka

**GREINARGERÐ 2020**

(2019-2020)

## Opnunartímar

Tímabil opnanna á skíðasvæðunum eru tryggðar frá 1.nóvember til 31. mars. Opnanir utan þess tíma eru mögulegar en ekki auglýstar fyrirfram. Ráðningasamningar eru gerðir frá 1. nóvember til loka apríl. Vegna Covid-19 var skíðasvæðunum lokað 20.mars 2020.



### Dagopnanir eru sem hér segir:

Virkir dagar: 17:00 – 20:00

Helgar dagar: 11:00 – 17:00

### Fjöldi opnanna í vetur:

Í vetur var heildar opnun skíðasvæðanna 62 dagar, (þegar ein eða fleiri brekkur voru opnar). Það eru töluvert fleiri opnunardagar en hafa verið á árunum á undan. Opnunardagarnir voru nokkuð vel dreifðir í ár en tímabilið byrjaði þó ekki fyrr en eftir 15.desember. Breiðholtsbrekka var lang mest opin, eða 62 daga. Hinar brekkurnar voru líka mikið opnar, 42 daga í Árbæ og 40 daga í Grafarvogi.



## Aukaopnanir

**Jólahátíðin** var með sérstaklega auglýsta opnun. Sjá hér fyrir neðan:

- 20.desember: Grafarvogur: 14:00 – 20:00 (Lengdur opnunartími)
- 23.desember: Breiðholt: 14:00 – 20:00 (Lengdur opnunartími)
- 24.desember: LOKAÐ
- 25.desember: LOKAÐ
- 26.desember: Breiðholt: 14:00 – 17:30 (LOKAÐ Á ÖÐRUM STÖÐUM)
- 27.desember: Breiðholt: 14:00 – 20:00 (Lengdur opnunartími)
- 30.desember: Breiðholt: 14:00 – 20:00 (Lengdur opnunartími)
- 31.desember: LOKAÐ
- 1.janúar: Breiðholt: 12:00 – 17:00 (LOKAÐ Á ÖÐRUM STÖÐUM)
- 2.janúar: Grafarvogur: 14:00 – 20:00 (Lengdur opnunartími)

Ekki var hægt að hafa opið frá 27. desember til 2.janúar vegna aðstæðna í brekkum.

**Vetrarfrí** grunnskóla Reykjavíkur var 28.febrúar-2. mars. Gert var ráð lengri opnun í brekkunum, (frá kl. 14:00). Ekki var hægt að opna 28.febrúar vegna aðstæðna í brekkum en góð stemming var í brekkunum 2.mars og mikil ánægja með lengri opnun. Fyrirspurnir bárust frá fólki búsett í öðrum sveitarfélögum um hvort hægt væri að opna fyrir í vetrarfrí þeirra sveitarfélaga. Kannski er möguleiki á samstarfi.

**Opnunardagur 50** var haldin hátíðlegur, en ekki hefur verið áður haft opið svo marga daga á tímabili síðan Gufunesbæ tók við rekstrinum. Ekki var opnað fyrir, en boðið var upp á skíðakennslu í Breiðholtsbrekku. Í boði var að skrá sig í fyrri eða seinni hóp en fjöldi í hverjum hóp var 12. Fullt var í báða hópana.



**Samstarf var við grunnskóla og félagsmiðstöðvar** um að hafa opið utan venjulegs opnunartíma. Starfsfólk félagsmiðstöðva í Grafarvogi nýttu sér þetta í tvö skipti. Starfsfólk félagsmiðstöðvanna sá alfarið um opnunina, en starfsmenn höfðu tekið námskeið áður og sumir tekið vaktir á skíðasvæðum. Einnig kom einn grunnskóli í heimsókn fyrir hádegi og sá alfarið um sig sjálfur. Starfsmaður skólans er einnig starfsmaður skíðasvæðisins.

**Framtíðarpælingar varðandi opnanir.** Talsvert hefur borist af fyrirspurnum frá skólum og félagsmiðstöðvum vegna mögulegrar aukaopnunar fyrir hópa. (1) Annarsvegar er þetta opnun á skólatíma í tengslum við útivistardaga skóla, og (2) hins vegar er þetta opnun eftir lokun á virkum degi fyrir félagsmiðstöðvar, (s.s. á félagsmiðstöðvatíma). Reynt var að gera tilraun með þetta í vetur, (sjá hér fyrir ofan), en aðstæður komu í veg fyrir að nægileg reynsla fengist, (starfsmenn og veðurfar). Gert er ráð fyrir að auglýsa til allra skóla og félagsmiðstöðva námskeið fyrir starfsmenn, ef skólar og félagsmiðstöðvar vilja nýta sér þessa aðstöðu.

## Hjálmanotkun

Í ár var innleidd regla um hjálmanotkun. Allir yngri en átján ára þurfa að vera með hjálm á opnunartíma skíðasvæðanna.


## Starfsfólk

Tveir starfsmenn eru á hverju skíðasvæði á opnunartíma þeirra. Um helgar er möguleiki á að kalla út þriðja starfsmanninn ef mjög margt fólk er á skíðasvæðinu.

Um tvennskonar vinnufyrirkomulag er að ræða. (1) Annars vegar getur starfsfólk skráð sig á „vaktir“. Þ.e. það velur hvaða daga það vill taka ábyrgð á ef það er opið. Þeir sem skráðir eru á viðkomandi „vakt“ fá tilkynningu um hvort það sé opið, samdægurs á virkum dögum, en kvöldið áður um helgar. Þeir sem eiga vakt geta alltaf fengið sig lausan af vaktinni með mjög stuttum fyrirvara. (2) Hins vegar getur starfsfólk skráð sig á neyðarlista/úthringilista, þ.e. lista sem hringt er í ef það vantar á vakt vegna forfalla.

Um 16 starfsmenn skiptu með sér vöktum á skíðasvæðunum. 24 starfsmenn tóku vaktir á einhverjum tímamarki. Heildarfjöldi mögulegra starfsmanna í vetur var 35 manns. Í vetur var keyrt á mjög stórum hluta starfsmanna sem höfðu verið áður og voru komnir með góða reynslu. Einnig bættist í hópinn mjög stór hópur nýrra starfsmanna og úr þeirra hópi komu nokkrir starfsmenn mjög sterkir inn. Þrátt fyrir þennan mikla fjölda mögulegra starfsmanna tókst ekki alltaf að manna vaktir og starfsmenn Gufunesbæjar þurftu því að taka vaktir á skíðasvæðunum.

Í fyrsta skiptið var notað [www.50skills.is](http://www.50skills.is) til að hjálpa til við ráðningar. Það tilraunaverkefni kom mjög vel út og vonandi verður hægt að halda áfram að nota það.



## Markaðssetning


Engin markviss markaðssetning á skíðasvæðunum innan borgarinnar hefur átt sér stað. Upplýsingar um Skíðasvæðin í borginni er hægt að nálgast í gegnum eftirfarandi vefsíður:

- Heimasíða Reykjavíkur: <http://reykjavik.is/skidasvaedin>
- Heimasíða skíðasvæða ÍTR: <http://skidasvaedi.is/upplýsingar/onnur-skidasvaedi/>
- Heimasíða frístundamiðstöðvar Gufunesbæjar: <http://gufunes.is/skidasvaedin-i-borginni/>
- Facebook síðan [facebook.com/Skiðasvæðin-i-borginni](https://www.facebook.com/Skiðasvæðin-i-borginni) er aðal upplýsingasíða skíðasvæðanna og er hún uppfærð daglega á tímabilinu með tilliti til opnana.

Í dag er facebook-síðan með rúmlega 7.800 fylgendur. Fyrri myndin hér fyrir neðan sýnir hvernig fjöldi fylgjenda síðunnar hefur vaxið síðustu tvö tímabil. Fylgjendur fóru frá 5.500 í nóvember 2018 í 6.500 í apríl 2019 og voru komnir í 7.800 ári síðar (apríl 2020).



Á myndinni hér fyrir neðan má sjá smá tölfræði fyrir fylgjendum facebook síðunnar.



Land	Your Followers	Borg	Your Followers	Tungumál	Your Followers
Ísland	7.525	Reykjavík, Capital Regi...	5.133	Íslenska	5.291
Danmörk	55	Kópavogur, Capital Re...	755	Enska (BNA)	1.509
Svíþjóð	36	Hafnarfjörður, Capital ...	565	Enska (Bretland)	664
Noregur	32	Garðabær, Capital Reg...	320	Pólskur	92
Spánn	26	Mosfellsbær, Capital R...	263	Danskur	35
Bretland	17	Keflavík, Southern Pen...	69	Sænskur	26
Bandaríkin	17	Selfoss, Southern Region	66	Litháenskur	23

## Símsvari

Á tímabilinu eru upplýsingar um daglega opnun skíðasvæðanna lesnar inn á símsvara með símanúmerið 878-5798. Á virkum dögum er miðað við að búið sé að lesa inn á símsvarann fyrir kl. 13 en fyrir kl. 9 um helgar.

## Útbúnaður og tæki

### Húsnæði

Lyftuhúsið í Breiðholti er nú í mjög góðu standi innan húss. Húsið að utan þarf smá aðald sem felst í að skipta út einstaka klæðningu og mála flagnaða fleti. Húsið hefur að mestu sloppið við grafíti og önnur skemmdarverk. Í lok janúar var brotist inn í húsið og mjög mikil skemmdarverk unnin. Meðal annars voru rúður brotnar, hurð skemmd, klósett og ljós brotin ofl. Búið er að laga þær skemmdir.

Lyftuhúsið í Ártúnsbrekku var tekið í gegn haustið 2016 eftir að mikið tjón á gólfefni sem varð vegna leka í pípulögnum. Húsið er í nokkuð góðu standi en kominn tími á að mála húsið að utan. Húsið hefur alveg sloppið við grafíti og önnur skemmdarverk.

Lyftuhúsið í Grafarvogi, eða gámurinn, er orðinn ónýtur. Brotist var inn í gáminn í desember og minniháttar skemmdarverk unnin. Gámurinn er ekki góð vistarvera fyrir starfsfólk og þörf er á að skipta honum út.

### Snjótæki

Skíðasvæðin eru með sexhjól og snjótroðara ásamt sporum, (fyrir gönguskíðaspora lagningu). Þessi tæki gera það að verkum að hægt er að halda snjó lengur í brekkunum og skíða lengur við betri aðstæður.

Talsverð vinna liggur á bak við það að undirbúa brekkurnar, sérstaklega af því að verið er að þjónusta þrjár brekkur í þremur borgarhlutum.



## Lyftur

Lyfturnar biluðu miklu minna í vetur miðað við veturinn þar áður. Viðhaldi á shelterum og tengingum, hafa skilað sér í minni bilunum. Farið var í girkassaskoðun á öllum lyftum. Í ljós kom að taka þarf grínn í Grafarvogslýftunni upp og yfirfara. Hinar lyfturnar eru í góðu lagi. Viðhald á jójó-um er talsvert yfir veturinn. Viðhaldið felst í slitnu jójó bandi eða brotnu blasti. Búið er að setja dýnur á staura á öllum svæðum. Áætlað er að endurnýja öryggisrofa við öll svæði efst í brekkunum fyrir næsta tímabil.

## Brekkur

Allar brekkurnar eru í nokkuð góðu standi. Brekkan í Árbæ og Grafarvogi þyrfti að fara í smá aðhlyningu. Í Grafarvogi þarf að slétta brekkuna eftir bílför, en í Árbæ þarf að bera áburð í og vökva svo að grasið spretti.

## Snjógirðingar

Sett var upp 90 metra snjógirðing norðan megin efst í brekkunni í Breiðholti. Verkefnið var tilraunastarfsemi sem kom vel út. Snjógirðingin festi snjó í nokkur skipti sem hjálpaði til við að halda snjó í brekkunni. Hins vegar var erfitt fyrir sex hjólið að vinna með snjóinn þar sem hann var í svo miklu magni. Til að hægt sé að nýta snjóinn sem safnast í snjógirðingar svo vel sé þarf að nota öflugri tæki, eins og t.d. litinn snjótroðara. Reynslan sýnir að snjógirðingar á réttum stöðum og tæki til að vinna með snjóinn getur fjölgað opnunardögum í brekkunni.

## Samstarf

Samstarf var við gönguskíðafélagið Ull um lagningu gönguskíðaspora innan Reykjavíkur. Lagt var gönguskíðaspor á útivistarsvæðinu í Heiðmörk.

Samstarf var við Miðstöð útivistar og útinám og grunnskóla í borginni um móttöku á 2.bekk á skíði í brekkurnar. Sjö skólar tóku þátt í þessu tilraunaverkefni sem tókst mjög vel. Skíðasvæðin lögðu til einn starfsmann og aðgang að lyftum. Yfir 200 börn í öðrum bekk tóku þátt og prufuð skíði í vetur. Haldið verður áfram samstarfi við skóla- og frístundasvið með þróun á að nýta skíðasvæðin í borginni í skólastarfi og í starfi félagsmiðstöðva.

## Rekstur

Daglegur rekstur og viðhald Skíðasvæðanna í borginni er á vegum starfsmanna frístundamiðstöðvar Gufunesbæjar. Stærri viðhaldsmál hafa verið framkvæmd með aðstoð Bláfjallamanna eða verktaka.

## Tillögur og hugmyndir að framtíðar uppbyggingu

Undanfarin fjögur ár hefur verið gert mikið átak í að koma skíðasvæðunum í borginni í ásættanlegt ástand. Brekkur hafa verið endurmótaðar með tilliti til öryggisþátta og skíðamöguleika. Þá hefur lýsing í brekkum verið endurbætt og aðstöðumál fyrir starfsfólk og skíðafólk komið í viðunandi horf. Mikil jákvæð endurgjöf hefur komið frá þeim sem nýta sér þessa aðstöðu, bæði til starfsfólks og í gegnum facebook síðu skíðasvæðanna. Hér fyrir neðan eru tillögur eða hugmyndir að næstu skrefum í uppbyggingu á skíðasvæðunum.

## Vetrargarður í Breiðholti

Búið er að kynna hugmynd um Vetrargarð í Breiðholti inn í borgarkerfið og til Menningar- og íþróttaráðs Reykjavíkurborgar. Hugmyndin felur í sér uppbyggingu á alhliða aðstöðu í Breiðholtsbrekkunni til útivistar og lýðheilsu allan ársins hring með áherslu á fjölskyldur og börn. Ákveðið hefur verið að skoða málið betur og vinna nánari útfærslu á hugmyndinni.

## Gróðursetning

Lagt er til að farið verði í mikla gróðursetningu á sígrænum trjám á öllum svæðum. Markmiðið með gróðursetningunni væri skjólmyndun fyrir skíðaiðkendum sem einnig myndi hjálpa til við að halda snjó í brekkum og festa hann betur þegar það snjóar. Einnig væri stór þáttur í gróðursetningunni að skapa umgjörð og andrúmsloft skíðasvæðis sem væri fjölskylduvænt og eftirsóknarverður útivistarmöguleiki.

## Nestisaðstaða

Koma upp viðunandi nestisaðstöðu fyrir skíðaiðkendum þar sem möguleiki er á að borða nesti inn í húsi ásamt klósett aðstöðu. Skíðasvæðin eru fyrst og fremst hugsuð fyrir byrjendur og fjölskyldur. Svona aðstaða gæti því gert upplifunina skemmtilegri fyrir þá sem eru að taka sín fyrstu skref.

## Skjólþallar

Koma upp skjólþöllum með útiborðum og bekkjum.

## Þjónusta við SFS

Huga að mögulegu formlegu samstarfi við SFS með þeim hætti að taka á móti skólahópum eða hópum frá frístundamiðstöðvum, utan hefðbundins opnunartíma. Í tengslum við það mætti huga að því að taka við gömlum skíðabúnaði frá Bláfjöllum þegar verið er að endurnýja búnað þar og lána/leigja þessum hópum. Þessi þáttur tengist líka þörf á nestisaðstöðu.



## Sumaropnun fyrir fjallahjól (downhill)

Huga að möguleikum á að nýta eina eða fleiri lyftur á sumrin fyrir fjallahjólbraut (downhill). Í því felst að fá festibúnað á lyftur fyrir hjól, útbúa fjallahjólbraut í landslaginu og auglýsa opnunartíma.



## Endurbætur á Breiðholtsbrekku

Breiðholtsbrekkan er lengsta brekkan af þremur. Ásættanlegur halli er í brekkunni til að byrja með en fljótlega verðu brekkan mjög flöt. Einhverjar umræður hafa verið um endurbætur á brekkunni í langan tíma og hafa ýmsir aðilar innan Reykjavíkur ásamt Breiðholtsbúum komið að þeirri umræðu. Lagt er til að farið verði af stað í formlegt undirbúningsferli að hönnun svæðisins.

## Færsla á lyftu og ljósum í Grafarvogi

Eftir lagfæringar á brekkunni í Grafarvogi er sú brekka orðin mjög góð fyrir byrjendur. Í lagfæringunum skapaðist nýtt pláss í brekkunni sem hafði aldrei verið notað áður, en það er öfugu megin við lyftuna og því þurfa skíðaiðkendur að þvera lyftuna til að nota það. Lagt er til að lyftan (og ljósin) verði færð sunnan megin í brekkuna og lítil mön gerð á milli skíðabrekku og göngustígar.

## Snjótroðari

Undanfarin ár hefur viðhaldi og minniháttar uppbygging átt sér stað á skíðasvæðunum í borginni. Ágæt reynsla er komin fyrir svæðið og næsta skref er að vinna snjóinn betur í brekkunum og auka þannig gæði skíðunnar og fjölga opnunardögum. Til að vinna snjó þarf snjótroðara. Minnstu týpurnar af snjótroðurum myndu henta vel fyrir skíðasvæðin í borginni.

<https://www.youtube.com/watch?v=TLCog2mm7RU>

<https://www.pistenbully.com/usa/en/vehicles/nordic/100.html>

## Snjóframleiðsla og þurrskíðun

Nýlega kom á markaðinn tæki sem getur framleitt snjó, (e. snowfactory). Tækið getur búið til snjó í +6° með margfalt minna vatni en snjóbyssutæknin. Með þessu tæki væri hægt að fjölga opnunardögum skíðasvæðanna í borginni í 6-7 mánuði.

Til að tryggja opnun á skíðasvæði í Reykjavík mætti setja upp aðstæður fyrir þurrskíðun (e. dry slope skiing), sem felst í því að skíða á sérstökum plast-mottum. Í þurrskíðun þarf ekki snjó og í raun hægt að hafa opið allan ársins hring.

Ef þessi aðstaða væri sett upp þá væri verið að auðvelda æfingar og þjálfun ungu kynslóðarinnar í skíðaiðkun, sem síðan gætu nýtt sér skíðasvæðið í Bláfjöllum. Einnig væri hægt að taka skíðakennslu markvisst inn í skóla og frístundastarf auk þess sem aðgengi almennings að skíðaiþróttinni væri stór aukið.

Dæmi um snowfactory:

<https://www.youtube.com/watch?v=sziez-C0Aj8>

<https://www.youtube.com/watch?v=NGsczbLC6v4>

[https://www.youtube.com/watch?v=EKaaZ2c\\_OuM](https://www.youtube.com/watch?v=EKaaZ2c_OuM)

[https://www.youtube.com/watch?v=Hv5FtD\\_MvXI](https://www.youtube.com/watch?v=Hv5FtD_MvXI)

Dæmi um þurrskíðun:

<https://www.youtube.com/watch?v=EHnEQ6JMaeg>

<https://www.youtube.com/watch?v=rxRvZ1RV9kk>

Hafsteinn Grétarsson

Apríl 2020

Frístundamiðstöðin Gufunesbæ

[hafsteinn.hrafn.gretarsson@rvkfri.is](mailto:hafsteinn.hrafn.gretarsson@rvkfri.is)

